

ÁÆTLUN UM MÆLINGAR Á AFKOMU ÍSLENSKRA JÖKLA

Oddur Sigurðsson

Orkustofnun

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

INNGANGUR

Jöklarannsóknir á Íslandi eiga sér langa sögu (Sigurður Þórarinsson 1960). Skipulegar mælingar á jökulsporðum hófust viða um land upp úr 1930 fyrir tilstilli Jóns Eyþórssonar (Jón Eyþórsson 1963) og hefur verið haldið áfram fram á þennan dag. Segja þær talsverða sögu um langtíma afkomu jöklanna þótt í hana vanti að sjálfsögðu öll smáatriði eins og afkomu hvers árs fyrir sig og breytilega afkomu jökuls frá einum stað til annars. Einnig eru jöklar misfljótir til að svara breytingum í afkomu eftir stærð, lögum, landslagi undirlagsins og ýmsu fleiru.

SAGA AFKOMUMÆLINGA Á ÍSLANDI

Stopul saga afkomumælinga á íslenskum jöklum hófst eiginlega með Sænsk-íslenska leiðangrinum 1936. Í Geografiska annaler 1937, 1938 og 1939 greindu svo Ahlmann og Sigurður Þórarinsson frá mælingum á ákomu og leysingu víðs vegar um Vatnajökul. Gryfjur hafa verið teknar á jöklum og þykkt snjólags ársins á undan mæld og snjórinn veginn til að finna vatnsgildi hans (Jón Eyþórsson 1951). Þessar ákomumælingar voru í fæstum tilvikum skipulagðar sem síkar, heldur hlaupið í þær þegar henta þótti vegna annarra erinda á jökul.

Síðan árlegar ferðir hófust í Grímsvötn hafa verið teknar þar gryfjur svo til hvert ár til að mæla vetrarákomuna á nokkrum stöðum. Leysing var þó yfirleitt ekki mæld jafnframt. Í lok sjötta áratugarsins reyndu menn að koma fyrir merkjum á jöklum til að mæla við ákomuna (Jón Eyþórsson og

Sigurður Þórarinsson 1959) en ekki reyndust þau merki varanleg fyrr en hönnuð voru þrístrend möstur sem framlengja mátti áður en þau fóru á kaf í snjó (Sigurjón Rist 1961). Gekk það bærilega í nokkur ár en var ekki haldið við er möstrin týndust.

Á nokkrum jöklum hefur verið sett upp net mælistöðva til ákomumælinga svo sem Tindfjallajöklum, Bægisárjöklum, Tungnaárjöklum og Eyjabakka-jöklum, en ekki hefur þessum mælingum verið haldið áfram í nokkru mæli nema á Tungnaárjöklum. Um mælingarnar á Bægisárjöklum birti Helgi Björnsson grein í Jöklum 1971 og Ari Trausti Guðmundsson skrifaði um búskap Tungnaárjöklus og Brúarjöklus í Jökul 1986. Að öðru leyti hefur lítið verið birt um þessar mælingar.

Nú hafa verið teknar upp ákomu- og leysingarmælingar hjá vatnamælingum Orkustofnunar og verður þeim haldið áfram um óákveðinn tíma til uppfyllingar í gögn stofnunarinnar um vatnafræði landsins.

HVAÐ SKAL MÆLT?

Ljóst er að í jafn fámmenn landi þar sem jöklar eru svo víðáttumiklir sem raun ber vitni, verður að sníða sér stakk eftir vexti. Norðmenn og Kanadamenn hafa komið sér upp staðli, sem hefur verið notaður viða um lönd, til afkomumælinga (Östrem, G. og Stanley, A. 1969). Verður þessi staðall einnig notaður hér, eftir því sem tök eru á.

Nokkur vandi er á höndum að velja jökul eða jöklum til að mæla á þeim afkomu. Nokkur atriði er

- rétt að hafa í huga er valinn er jökull til mælinga:
1. Vatnsvið og -skil jöklusins verða að vera vel þekkt og hann verður að þekja sem stærstan hluta af því vatnsviði.
 2. Jökullinn þarf að vera af svipaðri stærð og aðrir jöklar á svæðinu en þó ekki stærri en svo að hann sé vel viðráðanlegur til mælinga.
 3. Sem mestur hæðarmunur þarf að vera á hájöklinum og sporðinum.
 4. Jökullinn þarf að hafa aðeins einn afrennslisfar veg svo vel megi mæla það vatn sem frá honum rennur.
 5. Jökullinn þarf að vera aðgengilegur.
 6. Jökulinna verður að vera hægt að mæla án mikillar áhættu (af sprungum o.p.h.).
 7. Af jöklinum þurfa að vera til góð kort og loftmyndir (Östrem, G. og Stanley, A. 1969).

Hér er greinilega átt við rannsóknir á tiltölulega litlum og/eða skýrt afmörkuðum jöklum eins og viðast er í Kanada og Skandinavíu.

SKYLDLEIKI JÖKLA

Helst þarf að vera hægt að finna jökul sem ætla má að líkist öðrum jöklum í nánd um legu og veðurfar svo yfirlægð megi niðurstöður. Ekki er víst að þetta sé unnt og jafn vel ekki sennilegt. Að minnsta kosti verður að gera þetta með hinni mestu varúð.

Þeir þættir sem hafa mest áhrif á afkomu jöklus eru:

- I. Veðurfarsþættir
 01. Hiti
 02. Úrkoma
 03. Vindur (veðurhæð og vindátt)
- II. Landslagsþættir
 01. Hæð yfir sjávarmáli
 02. Halli lands miðað við vindáttir
 03. Afstaða til sólar
 04. Landslag (bunga eða lægð)
- III. Geislun
 01. Hitageislun
 02. Endurkast geisla (albedo)
 03. Einangrun

HVAR SKAL MÆLT?

Ákvæðið hefur verið að ráðast í afkomumælingar á Hofsjökli til að byrja með. Vist er að þar verður ekki á allt kosið fremur en annars staðar. Jökullinn er miklu stærri en svo að kortleggja megi nákvæmlega ákomu og leysingu um allan jöklum og ekki eru vatnsviðin skýrt skilin hvert frá öðru. Á móti kemur að jökullinn er fremur regluleg keila eða kúfur svo að breytingar í snjóalögum frá einum stað til annars ættu ekki að vera miklar. Má því komast af með mun strjálli mælingar en ella. Að minnsta kosti ætti að koma fljótt í ljós ef svo er ekki. Allt afrennslu frá jöklinum á yfirborði er mælt og undirlag jöklusins hefur verið kortlagt svo víst má fara nokkuð nærrí um vatnaskil. Í öðru til数li er ekki líklegt að afkomumælingar á Hofsjökli verði vanda bundnar.

Áhugavert er að mæla Hofsjökul vegna þess að nokkurt vatn frá honum er nýtt til raforkuframleiðslu og er raunar til áætlun um nýtingu alls vatns þaðan. Að þessu leyti eru aðrir jöklar ekki síður áhugaverðir svo sem Tungnaárjökkull (Helgi Björnsson 1970). Þar hefur verið mælt í nokkur ár og auk þess mikil unnið í vatnafræðilegum rannsóknum. Mælingar á Hofsjökli mega ekki verða til þess að vinna við Tungnaárjökkull falli niður að neinu leyti heldur verði um hreina viðbót að ræða.

Til afkomumælinga á Hofsjökli þarf net af stöngum sem má setja upp í línum. Grunnlinur má hugsa sér út frá hájöklinum til norðurs, suðausturs og suðvesturs. Út frá grunnlinum má svo setja þverlínur þannig að í ljós komi hvort afkoman sé háð fleiri þáttum en hæð yfir sjó. Á jafn reglulegum jöklum og Hofsjökli má búast við að afkoman fari mjög eftir hæð og afstöðu til aðalvind- og úrkomuáttu.

Erfitt er að segja til um hversu þétt skal hafa stengurnar. Þó er betra að byrja með sem þéttast net og grisja það síðan eftir því sem meiri þekking safnast um jöklum.

Auk hefðbundinna ákomu- og leysingarmælinga er unnt að kortleggja meðalafkomu undansfarinna ára með því að bora niður á öskulögin frá Heklu 1980 og e.t.v. 1970.

Æskilegt væri að mæla hæð og hnit stanganna

til að fylgjast með hreyfingum jöklusins á nokkurra ára bili.

Óskandi væri að áður en langt um líður verði farið að mæla jöklar viðar um land. Skal þess há gætt að dreifa mælingastöðunum svo að upplýsingar fáist um sem flest landssvæði. Má þá nefna til Þrándarjökul, Tindfjallajökul, Þórisjökul, Bægisárjökul og Drangajökul.

Þrándarjökull gæti gefið upplýsingar um hvert eðli jöklar á Austfjarðahálendinu er. Þar eru margir smájöklar, en þeir eru flestir skálarjöklar þannig að ekki er víst að Þrándarjökul sé hinn dæmigerði meðal þeirra þótt hann sé þeirra mestur og skipti því mestu máli.

Á Tindfjallajökul má líta sem fulltrúa jöklar á hálendinu fyrir miðju Suðurlands. Oft hefur verið lagt upp til mælinga á honum en aldrei orðið til langframa (Jón Eyþórsson 1954).

Þórisjökull er nú vestastur (ef frá er skilið Okið) í klasa jöklar á Vesturlandi. Hluta af honum mætti mæla þótt hann sé sumpart erfiður yfirferðar.

Bægisárjökull hefur verið mældur rækilega áður, en í skamman tíma, og því verki hefur ekki verið haldið áfram. Þar sem nú þegar liggja fyrir ýtarleg gögn um hann er sjálfsgagt að bera þar niður þegar mælingar verða hafnar á jöklum Norðurlands (Helgi Björnsson 1971 og 1972).

Þótt afkoma jöklar sé eflaust mjög mismunandi eftir landshlutum þá má gera ráð fyrir að Vestfirðir skeri sig mest úr. Það væri því mjög forvitnilegt að koma tölum yfir Drangajökul þó að þar vanti mikilvæg gögn eins og mælingar á vatni sem frá honum rennur. Vænlegast væri að mæla Kaldaþósjökull og aðfangasvæði hans. Þar hefur leysing verið rannsokuð lítillega og greind í þætti (Hansom, James D.og Roberts, David 1981).

Að mælingum loknum hvert sinn verður teiknað kort af ákomu eða leysingu. Í lok hvers "jökulárs" verður afkomunni gerð skil á kortum, í línumritum þar sem sýnt er hvernig afkoman breytist með hæð yfir sjó og hverju munar í afkomu milli landshluta.

Að hausti verður að kortleggja snælinu á hverjum jöklum sem mældur er. Það er gert með myndatöku utan þeirra svæða sem stanganetið nær yfir. Gervitunglamyndir gætu nýst mjög vel til þess arna

á stórum jöklum.

HEIMILDIR

- Ahlmann, H. W:son og Sigurður Þórarinsson 1943: *Vatnajökull. Scientific Results of the Swedish-Icelandic Investigations 1936-37-38. Geografiska Annaler 1937-40*, 1943.
- Ari Trausti Guðmundsson 1986: Mat á búskap og afrennsli Tungnaárjökuls og Brúarjökuls í Vatnajökli. *Jökull* 36: 75 - 82.
- Hansom, James D.og Roberts, David 1981: Variation in meltwater characteristics at Kaldalónsjökull, Iceland, 1979. *Jökull* 31: 95 - 99.
- Helgi Björnsson 1970: Hugleiðingar um jöklarannsóknir á Íslandi. *Jökull* 20: 15 - 26.
- Helgi Björnsson 1971: Bægisárjökull, North-Iceland. Results of Glaciological Investigations 1967 - 1968. Part I. Mass Balance and General Meteorology. *Jökull* 21: 1 - 23.
- Helgi Björnsson 1972: Bægisárjökull, North-Iceland. Results of Glaciological Investigations 1967 - 1968. Part II. The Energy Balance. *Jökull* 21: 44 - 61.
- Helgi Björnsson 1985: The winter balance in Grímsvötn, Vatnajökull, 150 - 1985. *Jökull* 35: 107 - 109.
- Jón Eyþórsson 1951: ÝMISLEGT, Snjómælingar á Vatnajökli 1951. *Jökull* 1: 15.
- Jón Eyþórsson 1954: Úr bréfum. Rannsóknir á Tindfjallajökli. *Jökull* 4: 40.
- Jón Eyþórsson 1957: Safnmælir í Jökulheimum og vetrarsnjór á Vatnajökli 20. sept. 1956 - 16. sept. 1957. *Jökull* 7: 59.
- Jón Eyþórsson 1958: Safnmælir í Jökulheimum og vetrarsnjór á Vatnajökli 16. sept. 1957 - 14. sept. 1958. *Jökull* 8: 33 - 34.
- Jón Eyþórsson 1963: Variations of Icelandic Glaciers 1931 - 1960. *Jökull* 13: 31 - 33.
- Jón Eyþórsson o. fl. 1953: Sólheimajökull. *Acta naturalia islandica* vol.1. no.8. Reykjavík.
- Jón Eyþórsson og Sigurður Þórarinsson 1959: Vatnajökulsferðir vorið 1959. *Jökull* 9: 33 - 40.
- Sigmundur Freysteinsson 1984: Tungnaárjökull - langskurðarmælingar 1959 - 1979. *Jökull* 34: 131 - 139.

- Sigurður Þórarinsson 1953: The Grímsvötn Expedition June - July 1953. *Jökull* 3: 6 - 23.
- Sigurður Þórarinsson 1960: Glaciological Knowledge in Iceland before 1800. *Jökull* 1960: 1 - 18.
- Sigurður Þórarinsson 1967: Vatnajökulsleiðangur 1967. *Jökull* 17: 317 - 319.
- Sigurður Þórarinsson 1967: Vatnajökulsleiðangur 1967. *Jökull* 17: 317 - 319.
- Sigurjón Rist 1952: Snjómælingar á Vatnajökli 27. mars til 24. apríl 1951. *Jökull* 2: 6 - 7.
- Sigurjón Rist 1954: Snjóleysing á Glámu. *Jökull* 4: 46.
- Sigurjón Rist 1957: Snjómælingar á jöklum 1954 og 1955. *Jökull* 7: 33 - 36.
- Sigurjón Rist 1961: Rannsóknir á Vatnajökli 1960. Hitamælingar, snjómælingar o. fl. *Jökull* 11: 1 - 11.
- Sigurjón Rist 1965: Tungnárjökull. *Jökull* 15: 135 - 138.
- Þorbjörn Sigurgeirsson 1953: Rannsóknir erlendra manna á íslenskum jöklum sumarið 1953. *Jökull* 3: 50.
- Östrem, G. og Stanley, A. 1969: *Glacier mass balance measurements. A manual for field and office work.* The Canadian Department of Energy, Mines and Resources, Ottawa and the Norwegian Water Resources and Electricity Board, Oslo, 125 s.